



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Umsóknarfrestur í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands

Umsóknarfrestur til Rannsóknasjóðs háskólans er til **20. október 2025**.

Hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknastarfsemi Háskóla Íslands og geta fastir kennarar og sérfræðingar við háskólann (þ.e. prófessorar, dósentar, lektorar, rannsóknaprófessorar, rannsóknadósentar, rannsóknalektorar og aðjúntar I) sótt um fé úr sjóðnum til greiðslu kostnaðar við rannsóknir. Við mat á umsóknum er fyrst og fremst horft til vísindalegs gildis, stöðu þekkingar, markmiða, framkvæmdar og tímaáætlunar rannsóknar ásamt rannsóknavirkni umsækjenda.

**Vegna takmarkaðra fjármuna sjóðsins er aðeins unnt að styrkja eitt verkefni frá hverjum umsækjanda.** Styrkþegum er bent á að skila þarf lokaskýrslum vegna fyrri styrkveitinga eigi síðar en samhliða nýrri umsókn.

Hægt er að sækja um styrk til allt að þriggja ára í senn, sjá nánar í „[Viðmið við úthlutun](#)“. Styrkþegar skila lokaskýrslu í lok styrktímabilsins en ekki er lengur krafist árlegrar framvinduskýrslu. Jafnframt er miðað við að styrkþegar sem fá 2-3 ára styrki sækji ekki um nýtt verkefni fyrr en í lok styrktímabilsins.

Ekki er nauðsynlegt að skila inn ritaskrá enda er mat á birtingum byggt á framtali starfa (miðað er við árin 2020-2024). Sérstaklega verður tekið tillit til birtinga á ritrýndum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

**Ófullnægjandi umsóknir hljóta ekki afgreiðslu.**

Umsóknum ber að skila rafrænt á [sérstöku eyðublaði](#).

Reglur sjóðsins og aðrar upplýsingar um sjóðinn er að finna á [vef Rannsóknasjóðs](#). Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vísinda- og nýsköpunarsviðs í Aðalbyggingu, ([rannsoknasjodir@hi.is](mailto:rannsoknasjodir@hi.is)).